

undirdómsins og ber þannig að öllu leyti að staðfesta hann. Svo ber hinum ákærðu og in solidum að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hinir ákærðu Kristján Guðmundsson og Guðmundur Guðmundsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. nóvembermán.

Nr. 30/1907:

Réttvísín  
gegn  
Ole Björstad.

#### Dómur:

Ákærði, norskur sjómaður Ole Björstad var með aukaréttardómi Gullbringu og Kjósarsýslu 21. marz þ. á.

dæmdur samkvæmt 205. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði, Eggerts yfiréttarmálaflutningsmanns Claessen í Reykjavík 10 kr. Svo var ákærði og dæmdur til að greiða Þorsteini Guðmundssyni kostnað við lækningu áverka þess, er hann veitti honum, samkvæmt úrskurðuðum reikningi. En þessum dómi er eftir ósk ákærða skotið til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu, að 26. febr. þ. á., er ákærði var staddur í gistihúsinu Hekla í Hafnarfirði, að lokinni samkomu Hjalpræðishersins þar, sló hann Þorstein Guðmundsson, stýrimann í Hafnarfirði, er þar var einnig staddur, 2 högg með hnefanum í andlitið, án þess Þorsteinn gæfi honum nokkurt tilefni til þeirrar árásar. Fekk Þorsteinn af höggunum áverka, er svo er lýst í vottorði héraðslæknis, dags. daginn eftir, að marblettir hafi sést á enni Þorsteins, undir hægra auga og lítið eitt á nefinu, og að á nefinu hafi verið dálítil rispa. Úr þessari rispu eða hrufu á nefinu blæddi nokkuð fyrst eftir árásina. Enga hættu taldi læknir á að varanlegt mein hlytist af áverkanum. Ákærði var nokkuð drukkinn, er hann sló Þorstein, en þó ekki svo, að hann ekki vissi hvað hann gjörði.

Brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir 7. janúar þ. á. verið sektaður fyrir lögreglubrot í Reykjavík, en annars eigi sætt refsingu eða ákæru fyrir nokkurt lögbrot hér á landi, er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 205. gr. alm. hegningarlaga, en refsingin fyrir það þykir hæfilega metin 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Endurgjald til Þorsteins Guðmundsson-

ar fyrir lækningarkostnað virðist mega ákveða 10 kr., en málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist. Ákærða ber og að greiða allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærði Ole Björstad sæti 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði Þorsteini Guðmunds-  
syni 10 kr. í lækningarkostnað. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar skaðabætur greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 18/1907;

Emil Strand  
gegn

Sigurði Jónssyni fyrir  
hönd Konow & Co.

D ó m u r :

Í máli þessu lögsótti í héraði cand. phil. Sigurður Jónsson á Ísafirði fyrir hönd Konow & Co. í Bergen